

4. bekkur

Vinnulag náttúruvísinda

- Notar einföld hugtök í náttúruvísindum við athuganir og í umræðu.
- Les einfaldan náttúruvísindatexta og endursegir helstu atriði með eigin orðum, skoðar einfaldar myndir og segir frá efninu.
- Framkvæmir einfaldar athuganir og skráir mælingar á hversdagslegum hlutum samkvæmt leiðbeiningum.
- Kynnir niðurstöður einfaldra athugana og tekur þátt í umræðu um efnið.
- Setur fram spurningar, leitar svara um náttúruleg fyrirbæri og útskýrir valið viðfangsefni.
- Ræðir hvort tiltekið atriði í samræðu eða texta sé staðreynd eða skoðun í tengslum við náttúruvísindi.
- Útskýrir hvernig ákveðin tæki og búnaður geta hjálpað manninum að afla upplýsinga og haft áhrif á heiminn.

Umhverfið

- Nefnir dæmi um samspil lífvera og lífvana þátta.
- Skoðar og kannar helstu vistkerfi í nærumhverfi sínu.
- Gerir sér grein fyrir fjölbreytni innan tegunda og milli tegunda.
- Segir frá og áttar sig á náttúruvernd í nærumhverfi sínu.
- Gerir sér grein fyrir nokkrum einkennum veðurfars í nærumhverfi.
- Gengur vel um umhverfið og áttar sig á mikilvægi þess.
- Tekur þátt í umræðu um hvernig maðurinn nýtir náttúruna.
- Kemur með hugmyndir að aðgerðum sem tengjast náttúruvernd og tekur þátt í verkefnum í nærumhverfi sínu.
- Geti fjallað um hvaða hlutverki lofthjúpurinn gegnir fyrir líf á jörðinni.

Lífið

- Segir frá eigin upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.
- Ræðir um helstu einkenni lífvera og lífsskilyrða þeirra.
- Gerir sér grein fyrir tilvist örvera í umhverfinu sem geta ýmist verið gagnlegar eða skaðlegar.
- Gerir sér grein fyrir að allar lífverur eru gerðar úr frumum.
- Áttar sig á að lífverur hafa tekið breytingum frá upphafi lífs á jörðu.
- Lýsir helstu einkennum valinna dýra.
- Lýsir ytri byggingu á helstu hlutum sveppa.
- Tjáir sig á einfaldan hátt um einkastaði líkamans og ber virðingu fyrir þeim.
- Ræðir mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu, hvíldar og svefns.

Efnin

- Þekkir og flokkar algeng efni og lýsir helstu einkennum þeirra.
- Getur með athugun sýnt fram á að efni geta skipt um form og breyst en hverfa ekki.
- Getur bent á algengustu frumefni og efnasambönd.
- Framkvæmir og útskýrir einfaldar tilraunir um efnabreytingar og hamskipti.

Orkan

- Framkvæmir og fjallar um athuganir sem tengjast algengustu orkuformum í umhverfi sínu.
- Nefnir dæmi um uppruna orku og tekur þátt í umræðu um orkusparnað.
- Segir frá þróun algengra rafmagnstækja.
- Framkvæmir og fjallar um athuganir sem tengjast kröftum sem birtast í daglegu lífi.

Alheimurinn

- Gerir sér grein fyrir ástæðum dægraskipta.
- Nefnir dæmi um hvernig land verður til og mótast.

Lykilhæfni náttúrufræðigreina – 4. bekkur (lok yngsta stigs)

Tjáning og miðlun

- Tjáð tilfinningar og hugmyndir þannig að þær séu skiljanlegar öðrum.
- Hlustar á aðra, sýnt tillitssemi og haldið sig við umræðuefni.
- Rætt um áhugamál sín og skoðanir.
- Lært og notað ný orð til að ræða ólík viðfangsefni.
- Nýtt ólíkar leiðir til miðlunar.

Sköpun og lausn vandamála

- Unnið fjölbreytt verkefni á skapandi hátt.
- Lært af mistökum sínum.
- Útskýrt mál sitt með rökum.

Sjálfstæði og samvinna

- Sýnt frumkvæði í verkefnum og beðið um aðstoð eftir þörfum.
- Unnið með öðrum að verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi.
- Gert sér grein fyrir ólíkum hlutverkum í samstarfi.
- Tekið leiðsögn og endurgjöf á jákvæðan hátt.

Nýting miðla og upplýsinga

- Skilið muninn á tilbúningi og raunveruleika
- Gert greinamun á skoðunum og staðreyndum
- Haft rétt eftir hvort um er að ræða tal eða texta.

Ábyrgð og mat á eigin námi

- Rætt um eigin styrkleika og þekkt hugarfar vaxtar.
- Velt fyrir sér eigin námi og hvað hann langar að læra næst..
- Skilið viðmið um árangur og til hvers er ætlast.

Náttúrufræðigreinar – Kennsluaðferðir og námsmat 1.–4. bekk

Árgangur	Kennsluaðferðir	Námsgögn	Námsmat
4. bekkur	-Samræðutímar, frásagnir og læsi - Einfaldar tilraunir og athuganir - Skýringarmyndir og önnur myndræn verkefni tengd náttúru (myndskráning) -Skapandi og listræn verkefni -Vettvangsferðir og útikennsla -Hópverkefni -Hagnýt verkefni (til dæmis eitthvað sem snýr að umhverfisvernd) -Leikir og þrautir (tengjast til dæmis hreyfingu og heilsu	-Halló Heimur 2-3 (árstíðir- veður, ljós og skuggar, mannslíkaminn og húsdýr) -Vísindabúnaður: Stækkunargler, seglar, smásjár, vasaljós og annað álíka. -Náttúrusafn Íslands, Hvalasafnið og aðrar álíka stofnanir -Vefir líkt og plöntuvefurinn, fuglavefurinn o.s.frv.	-Lokið/Ólokið - Leiðsagnarmat: reglulegar umsagnir, sjálfsmat og samtöl Formlegt vitnisburðarmat - Byggt á fjölbreyttum verkefnum: ritun, frásagnir, kortagerð, þátttaka í umræðum - Umsagnir um vinnubrögð, samvinnu og framvindu fylgja bókstöfunum - Matskerfi með bókstöfum: A A B+ B+ B B C+ C+ C C D D L Lokið O Ólokið

